

Nr. 272

24. mars 2007

AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.**

Fjallalind 64. Breytt deiliskipulag skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 8. júní 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóðinni nr. 64 við Fjallalind.

Í tillögunni felst að byggð er sólstofa við húsið.

Tillagan var samþykkt í skipulagsnefnd 7. febrúar 2006 og send í kynningu til lóðarhafa Fjallalindar 56, 58, 60, 62, 82, 84, 86, 88 og 90. Kynningartíma lauk 27. mars 2006.

Athugasemdir bárust frá lóðarhafa Fjallalindar 62 þann 25. mars 2006. Á fundi skipulagsnefndar 4. apríl 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt áður nefndri athugasemd og frestað og bæjarskipulagi falið að taka saman umsögn varðandi innsenda athugasemd. Á fundi skipulagsnefndar 24. apríl 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn bæjarskipulags 19. apríl 2006 og frestað. Á fundi skipulagsnefndar 6. júní 2006 var erindið samþykkt og vísað til afgreiðslu bæjarráðs. Á fundi bæjarráðs 8. júní 2006 var framlögð tillaga samþykkt ásamt umsögn bæjarskipulags.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 24. mars 2007.

Smári Smárason skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2007